| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 28. maí 2021 |
| **Námsgrein** | Lífsleikni |
| **Titill** | Virðing, efling, rökhugsun og atorka |
| **Skammstöfun** | VERA1AA01 |
| **Viðfangsefni** | Nýnemafræðsla |
| **Staða áfanga** | |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 1 |
| **Lýsing áfanga** | Áfanginn er ætlaður nýnemum. Nemendur læra ýmis hagnýt atriði er varða skólagöngu þeirra, s.s. skólareglur, tölvukerfi, bókasafn, félagslíf o.fl. Nemendur fá þjálfun sem gagnast þeim í öðru námi við skólann eins og hópastarfi, samskiptum, framkomu og tjáningu. Einnig er fjallað um réttindi þeirra og skyldur sem nemendur og borgarar í lýðræðisríki.<br><br>Markmið áfangans eru m.a. að nemendur beri sjálfir ábyrgð á námi sínu og geri sér raunhæfa áætlun um námsferil og samsetningu námsins með tilliti til framtíðaráætlana í námi og starfi. Nemendur fá fræðslu um þá möguleika sem í boði eru hvað varðar námið og læra að halda utanum eigin námsferil. Farið er yfir ábyrga hegðun í skóla og einkalífi. Lögð er áhersla á að verkefni séu unnin og leyst á skapandi hátt. |
| **Forkröfur áfanga** | Áfangi tekinn á fyrstu önn – fyrir nýnema |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• utanumhaldi á eigin námsferli<br>• mögulegum námsleiðum innan skólans<br>• mikilvægi þess að sækja skólann og stunda námið af samviskusemi<br>• mikilvægi gagnrýnnar hugsunar<br>• eigin ábyrgð á samfélagi sínu og umhverfi<br>• réttindum og skyldum sínum sem nemandi og borgari í lýðræðislegu samfélagi<br>• kostum þess að vinna með fjölbreyttum hópi fólks |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• skipuleggja og halda utan um eigin námsferil |

| | |
|---|---|
| | • gera framtíðaráætlanir varðandi nám og starf<br>• bregðast við og leita aðstoðar ef eitthvað fer öðruvísi í náminu en ætlað er<br>• afla sér upplýsinga um umhverfi sitt, nærsamfélag og alþjóðasamfélagið<br>• gera sér grein fyrir eigin sjálfsmynd og geta útskýrt tilfinningar sínar og skoðanir á rökstuddan hátt<br>• gera grein fyrir stöðu sinni í samfélaginu með það að markmiði að vera virkur þjóðfélagsþegn<br>• nýta sér skapandi hugsun við úrlausn verkefna<br>• vinna í fjölbreyttum hópi |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• velja nám við hæfi<br>• taka nýjar ákvarðanir og breyta um stefnu ef svo ber undir<br>• ganga vel um eigur skólans og fara að reglum<br>• skrá úrlausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk á viðeigandi hátt<br>• beita rökhugsun til þess að draga ályktanir og setja fram gagnrýni á skipulegan hátt<br>• geta gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum á málefnalegan og rökstuddan hátt<br>• sýna öðrum einstaklingum, skoðunum þeirra og lífstíl virðingu og umburðarlyndi |
| **Námsmat** | Námsmat er nánar tilgreint á kennsluáætlun |